



## Fundur í sveitarstjórn

**69. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri fimmtudaginn 31. ágúst 2017 og hófst kl. 17:00.**

**Mætt voru:** Þorsteinn Ægir Egilsson oddviti, Oddný Kristjánsdóttir, Heiðrún Óladóttir, Sóley Indriðadóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Elías Pétursson sveitarstjóri og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki og gengið var til dagskrár.

### Dagskrá

1. Fundargerð 35. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 15. ágúst 2017
2. Fundargerð 297. fundar stjórnar Eyþings, dags. 14. ágúst 2017
3. Fundargerð 298. fundar stjórnar Eyþings, dags. 22. ágúst 2017
  - a. Liður 2. Almenningsamgöngur
4. Aukaaðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 7. sept. nk. á Siglufirði
5. Fundargerð 29. fundar fræðslunefndar, dags. 15. ágúst 2017
6. Innsent erindi AM lögmanna f.h. Marinós Jóhannssonar, dags. 27. ágúst 2017
7. Fjallskil, Gangnaseðill 2017
8. Innsent erindi Marinós Jóhannssonar dags. 28. ágúst 2017, úrsögn úr undirkjörstjórn vestari
9. Boðun aðalfundar Fræs ehf. og kosning nýrrar stjórnar
10. Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga, 5. og 6. okt. nk.
11. Minnisblað frá Eflu verkfræðistofu vegna varmadæla
12. Leikskóli, ástand húsnæðis og nýbygging
13. Sex mánaða uppgjör
14. Mál að beiðni U-listans
  - a. Verslunarhúsnæði á Bakkafirði
  - b. Leikskóli, ósk um afhendingu á ástandsskýrslum
  - c. Samrekstrarsamningur við Svalbarðshrepp, uppgjör
  - d. Tjaldsvæði, úttekt á rekstri og þjónustu
  - e. Skoðun á nýbyggingu íbúða með stofnframlögum til bygginga leiguíbúða
15. Skýrsla sveitarstjóra



## Fundargerð

### 1. Fundargerð 35. fundar stjórnar sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 15. ágúst 2017

Fundargerðin lögð fram.

### 2. Fundargerð 297. fundar stjórnar Eyþings, dags. 14. ágúst 2017

Fundargerðin lögð fram.

### 3. Fundargerð 298. fundar stjórnar Eyþings, dags. 22. ágúst 2017

Fundargerðin lögð fram.

#### a) Liður 2. Almenningsamgöngur.

Sveitarstjóri fór yfir lið 2 í framlagðri fundargerð, lagði fram gögn og skýrði. Samkvæmt fundargerð samþykkti meirihluti stjórnar Eyþings að hætta akstri milli Húsavíkur og Þórshafnar, þ.e. leið 79-B. Ákvörðun stjórnar Eyþings er tekin vegna mikils og viðvarandi hallareksturs á leiðakerfi almenningsamgangna, uppsafnaður halli frá 2013 er tæplega 51,5 m.kr. að teknu tilliti til aukaframlags sem fékkst vegna tapreksturs. Hvað varðar 2017 þá stefnir í neikvæða afkomu að fjárhæð 35,6 m.kr. Vegna ákvörðunar stjórnar lögðu Elías Pétursson og Sif Jóhannesdóttir fram bókun á fundinum hvar niðurskurðurinn var gagnrýndur.

#### L og N-listi leggja fram eftirfarandi bókun:

Meirihluti L og N-lista tekur undir bókun Elíasar og Sifjar í fundargerð stjórnar Eyþings um leið og lýst er miklum áhyggjum bæði vegna niðurskurðar og neikvæðrar afkomu verkefnisins. Meirihluti sveitarstjórnar Langanesbyggðar leggur á það ríka áherslu að skilvirkar og hagkvæmar almenningsamgöngur verði tryggðar til framtíðar.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að koma sjónarmiðum sveitarstjórnar á framfæri.

Samþykkt samhljóða.

#### Til máls tók Siggeir Stefánsson lagði fram svohljóðandi bókun:

U-listinn lýsir sig sammála bókun meirihlutans.

### 4. Aukaaðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 7. sept. nk. á Siglufirði

Lagt er fram til kynningar boð á aukaaðalfund (afrit af tölvupósti) Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga sem haldinn verður 7. sept. nk. á Siglufirði. Tilefni fundarins er afgreiðsla á breytingu á lögum samtakanna sem heimila, ef samþykkt verða, innganga „lagareldissveitarfélaga.“

### 5. Fundargerð 29. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags. 16. ágúst 2017

Fundargerðin lögð fram.



Til máls tók Siggeir Stefánsson.

## **6. Innsent erindi AM lögmannna f.h. Marinós Jóhannssonar, dags. 27. ágúst 2017**

Fram er lagt erindi frá Reyni Karlssyni hjá lögfræðistofunni AM Praxis f.h. Marinós Jóhannssonar dags. 28. ágúst 2017. Í erindinu eru sjö spurningum varpað fram er varða málefni er tengjast fjallskilum og hlutverki landbúnaðarnefndar.

Til máls tók Siggeir Stefánsson.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samvinnu við oddvita og landbúnaðarnefnd.

Samþykkt samhljóða.

## **7. Fjallskil 2017**

Fram er lagt til kynningar, gangnaseðill Langanesbyggðar 2017, með umburðarbréfi fjallskilastjóra og fleiri upplýsingum.

## **8. Innsent erindi Marinós Jóhannssonar dags. 28. ágúst 2017**

Lagt fram bréf frá Marinó Jóhannssyni, dags. 28. ágúst 2017, þar sem hann segir sig úr undirgjörstjórn vestari Langanesbyggðar.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjórn þakkar Marinó góð störf í nefndinni og leggur til að fyrsti varamaður taki sæti aðalmanns og að kosinn verði nýr varamaður á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða.

## **9. Boðun aðalfundar Fræs ehf. 2017 og kosning nýrrar stjórnar**

Aðalfundur Fræs ehf., sem er alfarið í eigu sveitarfélagsins, var síðast haldinn árið 2011. Lagt er til að boðað verði til aðalfundar hið fyrsta og verði sveitarstjóra falið að boða hann. Einnig þarf að ráða framkvæmdastjóra fyrir félagið þar sem núverandi framkvæmdastjóri hefur látið af störfum hjá sveitarfélaginu.

**Bókun um afgreiðslu:** Sveitarstjóra falið að undirbúa boðun aðalfundar í samræmi við lög og samþykktir félagsins.

Samþykkt samhljóða.

## **10. Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga 5. og 6. okt. 2017**

Hin árlega fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldin á Hótel Nordica fimmtudaginn 5. og föstudaginn 6. október nk.

**N og L-listi leggja fram eftirfarandi tillögu:**



Lagt er til að utan þeirra starfsmanna skrifstofu sem sveitarstjóri ákveður þá fari tveir kjörnir fulltrúar á ráðstefnuna á vegum sveitarfélagsins, einn frá meirihluta og annar frá minnihluta.

### **Siggeir Stefánsson lagði fram svohljóðandi tillögu frá U-lista:**

Sveitarstjórn samþykkir að öllum aðalmönnum verði gert kleift að sækja ráðstefnuna.

Tillaga U-lista var felld með 3 atkvæðum Siggeirs Stefánssonar, Halldóru Jóhönnu Friðbergsdóttur og Björns Guðmundar Björnssonar gegn 4 atkvæðum Þorsteins Ægis Egilssonar, Heiðrúnar Óladóttur, Oddnýjar Kristjánsdóttur og Sóleyjar Indriðadóttur.

Samþykkt með fjórum atkvæðum. Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir og Björn Guðmundur Björnsson sitja hjá.

## **11. Minnisblað frá verkfræðistofunni Eflu ehf. vegna varmadæla**

Sveitarstjóri fór yfir minnisblað er varðar athugun á varmadæluvæðingu bygginga sem sveitarfélagið á og teljast vera félagsheimili, grunnskóli og íþróttamiðstöð. Farið var yfir möguleika þess að skipta frá hefðbundinni rafmagnskyndingu til notkunar varmadæla ásamt kostnaði við uppsetningu og væntanlegan endurgreiðslutíma. Einnig lagði sveitarstjóri fram til kynningar minnisblað er varðar mögulega hitaveituvæðingu Þórshafnar og sveitarinnar sunnan við þéttbýlið, um er að ræða „gróft frummat“ á kostnaði við lagningu hitaveitu frá Öxarfirði til Þórshafnar til að draga úr kyndingarkostnaði. Minnisblaðið er tekið saman vegna óska U-lista þar um. Að síðustu lagði sveitarstjóri fram tölvupóst hvar farið er stuttlega yfir áætlaðan kostnað sveitarfélagsins vegna varmaveitu sem nýtti glatvarma sem til fellur vegna starfsemi Ísfélags Vestmanneyja á Þórshöfn. Sveitarstjóri fór yfir framlögð gögn og óskaði heimildar til að vinna áfram að varmadæluvæðingu fyrr greindra bygginga, félagsheimilis, íþróttamiðstöðvar og grunnskóla.

**N og L-listi lögðu fram eftirfarandi bókun:** Á framlögðum minnisblöðum og yfirferð sveitarstjóra má ráða að hitaveita lögð úr Öxarfirði sé ekki raunhæfur kostur. Enda er áætlaður kostnaður við hana gróft áætlaður 1,7 milljarður króna og einungis 150 til 200 hús sem gætu tengst veitunni. Einnig má ljóst vera að nýting glatvarma til kyndingar sé ekki kostur sem sé í boði. Meirihlutinn leggur því fram eftirfarandi tillögu.

**Tillaga N og L-lista:** Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna áfram að varmadæluvæðingu íþróttamiðstöðvar, félagsheimilis og grunnskóla. Sú vinna skal fela í sér gerð verk- og kostnaðaráætlana og viðauka við fjárhagsáætlun. Einnig verði gerð athugun á möguleikum er varðar varmadæluvæðingu almennra húsa í sveitarfélaginu, hugsanlega með sameiginlegum magninnkaupum.

Samþykkt samhljóða.



## 12. Leikskóli, ástand húsnæði og ný bygging

Sveitarstjóri lagði fram og fór yfir gögn er varða núverandi ástand húsnæðis leikskólans Barnabóls og tvær hugmyndir að nýrri byggingu. Í framhaldi af samþykkt sveitarstjórnar í vor fékk sveitarstjóri sérfræðinga til að meta ástand núverandi húsa, aðallega þó hússins við Fjarðarveg. Meginútgangspunktur var að meta ástand vegna hugmynda um viðbyggingu við húsið. Fyrir utan þá niðurstöðu að bæði húsin væri í mjög slöku ástandi þá kom í ljós að mygla er í þeim báðum. Sakir þess þá eru lögð fram gögn vegna fundar með starfsfólki og foreldrum, bréf frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og tölvupóstur er varðar mögulegar mótvægisáðgerðir.

Til máls tóku: Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir, Elías Pétursson.

**N og L-listi lögðu fram eftirfarandi bókun:** Með framlögðum minnisblöðum staðfestist það sem áður var vitað. Þ.e. að um langt árabil hefur það húsnæði sem leikskólanum hefur verið boðið upp á verið sveitarfélaginu til vansa. Frá því að núverandi meirihluti tók við hefur undirbúningsvinna verið unnin sem miðar að því að leysa úr brýnni þörf á bættum húsakosti inna þeirra marka sem stærð og fjárhagur sveitarfélagsins leyfa.

### **Með hliðsjón af ofangreindri vinnu þá leggur N og L-listi fram eftirfarandi tillögu:**

Tillaga N og L-lista: Sveitarstjórn Langanesbyggðar felur sveitarstjóra að ganga til samninga við núverandi hönnuð um fullnaðarhönnun nýs leikskóla. Hönnun skal miðast við framlagða tillögu 2 og áður framsettan ramma er varðar stærð. Hönnun innanrýmis og aðstöðu skal unnin í góðu samráði við leikskólastjóra og starfsfólk. Einnig felur sveitarstjórn sveitarstjóra að ráðast í mótvægisáðgerðir er varða loftgæði í núverandi húsnæði, skal það gert í samráði við sérfræðinga.

Siggeir Stefánsson óskaði eftir fundarhlé kl. 17:44. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:02.

### **Halldóra Jóhanna Friðbergdóttir lagði fram svohljóðandi bókun U-listans:**

U-listinn á ekki orð yfir að ástandsskýrslur um húsnæði leikskólans og barst sveitarfélaginu í lok maí var ekki kynnt sveitarstjórn fyrr en þrem mánuðum eftir að hún barst. Starfsmaður hjá Eflu var fenginn til að gera úttekt á ástandi þeirra húsa sem hýsa leikskólann. Til að gera það mat sem best þá stakk starfsmaður Eflu upp á að gerð yrðu myglupróf. Starfsmaður Eflu skilaði tveimur minnisblöðum til sveitarstjóra og meirihluta sveitastjórnar þann 30. maí 2017. Í þeim kom meðal annars fram að í þeim 11 af 12 sýnum sem tekin voru, kom fram mygla eða mikil mygla. Leikskólastjóra voru ekki send þessi minnisblöð og það sem alvarlegast er að ekkert var gert í málinu. Börn voru í húsinu allan júnímánuð og svo var sumarlokun í 5 vikur. Þann tíma hefði verið tilvalið að nýta til að bregðast við þessu. Starfsmenn fóru að kvarta undan einkennum þegar þeir sneru aftur til starfa eftir sumarfrí og foreldrar voru farnir að spyrja um hvort



Það væri raunin að mygla væri í húsnæðinu. Fór þá leikskólastjóri að kalla eftir niðurstöðum ástandsskoðana, en þá var kominn 16. ágúst, tveimur og hálfum mánuði frá því að meirihlutanum var þetta kunnugt. Þetta er að okkar mati ekki eðlileg vinnubrögð. Einnig hafa verið haldnir þrjár sveitarstjórnarfundir eftir að minnisblöðin voru afhent.

Skoðun U-listans er sú að vænlegast sé fyrir sveitarfélagið út frá öllum þáttum að byggja nýja leikskóla við Grunnskólann á Þórshöfn. Hér er mikil sveifla í barnafjölda og þá er samt hægt að nýta dýra fermetra fyrir hitt skólastigið. Samvinna milli kennara, samnýting á stafsfólki, tölvubúnaði, námsgögnum og ýmsu fleiru. Nálægð við íþróttasal, sundlaug og smíðastofur er kostur. Svona mætti lengi telja og tókum við heilshugar undir ályktun leikskólakennara frá því á fundi fræðslunefndar þann 16. ágúst 2017. Teljum við einnig að mjög dýrt sé að taka grunn niður frá og að jarðvegsskipta þurfi allri lóðinni ef vel á að vera og vel hugað að öryggi barnanna okkar.

**Tillaga frá U-listanum:** Við leggjum til að Sylgja sérfræðingur í myglu verði fengin strax til að meta nánar ástand húsnæðis leikskólans og í framhaldinu verði farið í nauðsynlegar úrbætur eða breytingar á skólahaldi til þess að tryggja heilsu og öryggi barna og starfsfólks. Þetta þarf að gerast strax.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 18:09.

Oddviti setti fund aftur kl. 18:16.

### **Heiðrún Óladóttir lagði fram svohljóðandi bókun fyrir hönd meirihlutans:**

Meirihluti sveitarstjórnar vill að það komi skýrt fram að í fyrri hluta bókunar U-lista eru rangfærslur sem ekki verður brugðist við hér, umfram það að vísa til ræðu sveitarstjóra á fundi með starfsmönnum og foreldrum þann 22. ágúst sl.

Siggeir óskaði eftir fundarhlé kl. 18:18. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:26.

Tillaga N og L lista var samþykkt með fjórum atkvæðum Þorsteins Ægis Egilssonar, Oddnýjar Kristjánsdóttur, Heiðrúnar Óladóttur, Sóleyjar Indriðadóttur gegn þremur atkvæðum Siggeirs Stefánssonar, Halldóru Jóhönnu Friðbergadóttur og Björns Guðmundar Björnssonar.

Tillaga U-lista samþykkt samhljóða.

### **13. Sex mánaða uppgjör Langanesbyggðar**

Sveitarstjóri lagði fram til kynningar 6 mánaða uppgjör sveitarfélagsins. Tekjur A-sjóðs eru 7,2% hærri en áætlun gerði ráð fyrir og útgjöld 4,1% hærri. Rekstraniðurstaða sjóðsins er betri en samtímanidurstaða fyrra árs. Niðurstaða B-sjóðs er mun betri en samtímanidurstaða fyrra árs. Rekstrarnidurstaða samstæðu er sömuleiðis betri en samtíma niðurstaða fyrra árs. Ýmis frávík eru þó og er nú unnið að greiningu á þeim,



einnig er verið efna til samtals við deildarstjóra í þeim tilgangi að bregðast við einstökum frávikum innan deilda.

#### 14. Mál að beiðni U-lista

##### a. Verslunarhúsnæði á Bakkafirði.

Björn Guðmundur Björnsson óskaði eftir samþykki fundarins fyrir vanhæfi. Samþykkt.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 18:45.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:51.

##### **Siggeir lagði fram svohljóðandi bókun:**

Verslunarhúsnæði á Bakkafirði er í slæmu ástandi og hefur verið það lengi. Það hefur komið fram að sá aðili sem hafði hug á að setja upp kaffihús á Bakkafirði hefur ekki áhuga á því húsnæði. Sveitarstjórn hefur ekki fengið að sjá þau tilboð sem komu í að leigja húsnæðið en U-listinn hefur nálgast þær með öðrum leiðum. Ljóst er að fyrirleggjandi er kostnaðarsamt viðhald ef sveitarfélagið ætlar sér að eiga húsnæðið. U-listinn leggur til að Langanesbyggð ræði strax við hinn aðilann sem óskaði eftir því að leigja verslunarhúsnæðið.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson.

Björn Guðmundur Björnsson tók sæti að nýju kl. 18:58.

##### b. Leikskóli, ósk um afhendingu á ástandsskýrslum.

Oddviti bendir U-lista á að umbeðin gögn voru send út með fundarboði og rædd undir lið 12. hér að ofan.

Siggeir óskaði eftir fundarhlé kl.18:59. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 18:04.

##### **Siggeir Stefánsson lagði fram svohljóðandi bókun:**

U-listinn bendir á lið 12 á dagskránni vegna þessa liðar en við fengum minnisblöð um ástand húsnæði leikskólans afhend 29. ágúst síðastliðinn.

##### c. Samrekstrarsamningur við Svalbarðshrepp, uppgjör.

Til máls tóku: Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Siggeir Stefánsson, Elías Pétursson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

##### **Siggeir lagði fram svohljóðandi bókun:**

U-listinn telur að það hafi verið óeðlilegt að sveitarstjórn hafi ekki verið upplýst um að misfarist hafi að rukka Svalbarðshrepp samkvæmt samrekstrarsamningum á milli sveitarfélaganna þegar það var ljóst. Samkvæmt upplýsingum sem hafa komið fram hjá skrifstofu Langanesbyggðar þá er um að ræða verulegar upphæðir.

**Siggeir Stefánsson lagði fram svohljóðandi tillögu:**

U-listinn telur það eðlilegt að óskað verði eftir viðræðum við Svalbarðshrepp um að þessar greiðslur verði leiðréttar.

Oddný Kristjánsdóttir óskaði eftir fundarhlé kl. 19:17. Samþykkt.

Oddviti setti fund að nýju kl. 19:26.

Tillaga U-listans samþykkt samhljóða.

**Heiðrún Óladóttir gerði grein fyrir afstöðu meirihlutans.**

Meirihluti vill að það komi fram að hann er ósammála bókun U-lista, en tekur heilshugar undir tillögu U-listans, enda er í gangi vinna sem miðar að því að fá leiðréttingu.

Til máls tók: Siggeir Stefánsson.

*d. Tjaldsvæði, úttekt á rekstri og þjónustu.***Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir lagði fram svohljóðandi bókun:**

U-listinn óskar eftir því að skrifstofu Langanesbyggðar eða áhaldahúsi verði falið að gera úttekt á aðstöðu og þjónustu á tjaldsvæðum sveitarfélagsins á Þórshöfn og Bakkafirði út frá því hvernig hefur gengið í sumar og gerð verði bragabót á því sem betur má fara. Eins er nauðsynlegt að huga að gjaldtöku fyrir tjaldsvæðið á Bakkafriði. U-listinn leggur fram með þessari bókun minnisblað til úrvinnslu.

*e. Skoðun á nýbyggingu íbúða með stofnframlögum til bygginga leiguíbúða.*

Til máls tók Siggeir Stefánsson og lagði fram svohljóðandi tillögu:

U-listinn leggur til að KPMG verði falið að skoða hagkvæmni og fýsileika þess að byggðar verði íbúðir í Langanesbyggð með stofnframlögum. Stofnframlög eru nýtt kerfi sem tók gildi árið 2016 og gengur út á það að ríki, sveitarfélög og mögulega aðrir aðilar styðji við betra aðgengi að viðeigandi íbúðarhúsnæði til leigu. Ljóst er að það er vöntun á íbúðarhúsnæði í Langanesbyggð.

Til máls tóku: Elías Pétursson, Þorsteinn Ægir Egilsson.

Oddviti gerði hlé á fundi kl. 19:49.

Oddviti setti fund að nýju kl. 19:53.

Tillaga U-listans samþykkt samhljóða.

**15. Skýrsla sveitarstjóra**

Dagana 25. til 27. júní sl. átti sveitarstjóri ásamt öðrum fundi með fulltrúum frá *COSCO-Shipping*, ferðin til Íslands var að frumkvæði skipafélagsins. Fundir voru í meginatriðum skipulagðir af EFLU verkfræðistofu en með ákveðinni aðkomu sveitarfélagsins. Óhætt er að segja að allir fundirnir hafi verið áhugaverðir og gengið





vel. Sveitarstjórn mun fljótlega fá minnisblað vegna ferðarinnar hvar farið verður nánar yfir einstaka fundi.

Þann 23. ágúst sl. var haldinn fundur á Bakkafirði vegna hinnar erfiðu stöðu sem þar er uppi, til fundarins var boðað með dreifibréfi af samstarfshópi þeim er áður hafði verið skipaður. Dagurinn gekk fyrir sig með þeim hætti að fyrst fór samráðshópurinn í heimsóknir í fyrirtæki, að því loknu var íbúum boðið til óformlegs kaffisþjalls. Óhætt er að segja að fundurinn hafi gengið vel og að allir sem að komu hafi verið betur upplýstir um stöðuna eftir fund en fyrir.

Undirritaður hefur verið samningur um sorphirðu og er nú verið að hefja innleiðingarferli hans. Heilbrigðiseftirlit Austurlands kom þann 14. ágúst sl. í svokallað „fyrirvaralaust eftirlit“ með urðunarstaðnum á Bakkafirði. Eftirlitið var að frumkvæði Umhverfisstofnunar í kjölfar kvörtunar sem stofnuninni barst. Sveitarfélaginu hefur nú borist eftirlitsskýrsla frá Umhverfisstofnun. Niðurstaða eftirlits er að um tvö frávik væri að ræða, tengjast bæði frávik fyrri rekstri svæðisins og við þeim verður brugðist.

Námsgögn fyrir nemendur hafa verið pöntuð og er hluti þeirra komin, kostnaður er u.þ.b. kr. 3.500 pr. nemanda, kaupin fóru fram að undangengnu örútboði.

Í sumar var lokið við að setja í gagngrunn og koma í aðgengilegra form öllum samningum sem sveitarfélagið er með, gömlum og nýjum, lóðleigusamningum og teikningum á Bakkafirði og Þórshöfn, um þúsund inn- og útsendum bréfum frá 2009, grenjaskrá sveitarfélagsins og skráðum gæludýrum.

Alls komu 70 einstaklingar víðsvegar að úr heiminum á vegum Veraldavina, sem voru hjá okkur frá 3. júlí til 18. ágúst. Þeirra helstu verkefni voru hreinsun strandlengju, vinna við tiltektir á Bakkafirði og Þórshöfn, málning bryggjukanta o.fl.

Fundargerðin upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 19:23.